

Þykir refsiauki hans hæfilega ákveðinn 9.600 króna sekt til ríkis-sjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 19. apríl 1983 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminn kvað upp Bjarni Stefánsson fulltrúi, en dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna anna dómarans.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Benediktsson, greiði 9.600 króna sekt til ríkis-sjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 19. apríl 1983 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 14. mars 1985.

Nr. 128/1983. **Geir Viðar Vilhjálmsson**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

**Póst- og símamálastofnuninni**

(Guðmundur Markússon hrl.)

**Alþýðubankanum h/f**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

**Rafmagnsveitum ríkisins og**

(Ólafur Ragnarsson hrl.)

**Landsbanka Íslands**

(Stefán Pétursson hrl.)

Nauðungaruppboð. Sameign.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thorodd-  
sen og Sigurgeir Jónsson.

Ólafur Helgi Kjartansson fulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1982. Útivist varð í málinu 1. júní 1983, og féll málsókn því niður.

Áfrýjandi skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1983 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs, en til vara, að úrskurðurinn verði ómerktur og málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta hófst með því, að umboðsmaður fyrrverandi eiginkonu áfrýjanda, Ingibjargar Eyfells, ritaði 3. júlí 1981 uppboðshaldaranum í Árnassýslu bréf, þar sem hann krafðist slita á sameign hennar og áfrýjanda á fasteigninni Ásbúð við Þingvallavatn. Með bréfi 15. september s.á. mótmælti áfrýjandi að krafan um slit á sameigninni næði fram að ganga. Ágreiningur þessi var ekki tekinn sérstaklega til úrlausnar.

Hinn 10. desember 1981 lét Árni Guðjónsson hrl. f.h. stefnda, Póst- og símamálastofnunarinnar gera lögtak í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni, og 16. s.m. lét Guðjón Ármann Jónsson hdl. f.h. stefnda Alþýðubankans h/f fara fram fjárnám í sama eignarhluta. Póst- og símamálastofnunin beiddist uppboðs á eignarhlutanum með bréfi 21. janúar 1982 og Alþýðubankinn h/f með bréfi 27. s.m.

Í framhaldi af framangreindu er 7. apríl 1982 gefin út auglýsing um nauðungaruppboð á allri eigninni, sem birtist í 38., 43. og 47. tbl. Lögbirtingablaðsins 1982. Er þar auglýst, að seldur verði „Sumarbústaðurinn Ásbúð í landi Þjóðgarðsins í Þingvallasveit, eign Ingibjargar Eyfells og Geirs Viðars Vilhjálmssonar, eftir kröfum Árna Guðjónssonar, hrl., fyrir kr. 8.201,07 skv. lögtaki og Guðjóns Ármans Jónssonar, hdl., fyrir kr. 14.250,00 skv. fjárnámi og skv. kröfu fyrrnefnda eigandans til slita á sameign.“

Í uppboðsskilmálum, útgefnum 14. júní 1982, er eigninni lýst sem

„sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi, með tilheyrandi leigulóð, eign Ingibjargar Eyfells og Geirs V. Vilhjálmssonar ...“.

Fjárnámsgerðir stefndu Rafmagnsveitna ríkisins og Landsbanka Íslands fóru fram eftir útgáfu uppboðsauglýsingar. Beiddist hinn fyrrnefndi uppboðs á eignarhluta áfrýjanda hinn 9. júní 1982 fyrir fjárnámskröfu sinni að fjárhæð 19.198,25 krónur auk vaxta og kostnaðar, en hinn síðarnefndi fyrir þremur fjárnámskröfum sínum, samtals að fjárhæð 50.643,20 krónur auk vaxta og kostnaðar með uppboðsbeiðnum, dags. 16. og 18. júní 1982.

Málið var síðan þingfest á dómþingi 22. júní 1982. Þá lagði áfrýjandi fram skriflega greinargerð, þar sem m.a. eru ítrekuð mótmælin í bréfi hans frá 15. september 1981 við kröfunni um sameignarslit á sumarbústaðnum. Ákvörðun var ekki tekin um munnlegan eða skriflegan flutning málsins í þessu þinghaldi. Málinu var síðan frestað, „og kemur það fyrir næst á eigninni sjálfri eftir ákvörðun réttarins og að undangenginni auglýsingu í dagblaði“. Næst er málið tekið fyrir 28. október s.á. á skrifstofu uppboðshaldara á Selfossi. Var í því þinghaldi ákveðið, að málið skyldi flutt munnlega. Fór málflytningurinn fram samdægurs ásamt uppkvaðningu hins áfrýjanda úrskurðar.

Í úrskurðinum kemur fram, að krafa Ingibjargar Eyfells um slit sameignarinnar að sumarbústaðnum Ásbúð hafi verið afturkölluð 24. september 1982.

Auglýsing sú, sem að framan er greind, var um nauðungaruppboð á öllum sumarbústaðnum Ásbúð vegna beiðni Ingibjargar Eyfells um, að fram færi uppboðssala á sumarbústaðnum til sameignarslita. Uppboðsbeiðnir stefndu Póst- og símamálastofnunarinnar, Alþýðubankans h/f og Rafmagnsveitna ríkisins, voru takmarkaðar við eignarhluta áfrýjanda í sumarbústaðnum, svo sem uppboðsheimildir þeirra sögðu til um. Uppboðsbeiðnir stefnda Landsbanka Íslands taka að vísu eftir orðum sínum til sumarbústaðarins alls. Samkvæmt kröfugerð þessa stefnda hér fyrir dómi verður þó að líta svo á, að einnig uppboðskröfu hans sé ætlað að taka til eignarhluta áfrýjanda eingöngu.

Hinn áfrýjandi úrskurður mælir fyrir um, að uppboð skuli fram fara á öllum sumarbústaðnum Ásbúð. Eftir að Ingibjörg Eyfells hafði afturkallað uppboðsbeiðni sína, og eins og háttað er uppboðs-

beiðnum og uppboðsheimildum stefndu samkvæmt framansögðu brast skilyrði til uppboðs á öðru en eignarhluta áfrýjanda í sumar-bústað þessum. Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, og ber uppboðshaldara að taka uppboðsbeiðnir stefndu fyrir, til að fram fari nauðungaruppboð á eignarhluta áfrýjanda að undan-gengnum löglegum undirbúningi eftir því sem uppboðsbeiðnir og uppboðsheimildir þessar segja til um. Þykir rétt að taka fram í því sambandi, að ekki verður talið, að lög um friðun Þingvalla nr. 59/1928 standi nauðungaruppboði í vegi, svo sem áfrýjandi hefur haldið fram.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og ber uppboðs-haldara að taka uppboðsbeiðnir stefndu, Póst- og símamál-stofnunarinnar, Alþýðubankans h/f, Rafmagnsveitna ríkisins og Landsbanka Íslands, fyrir að nýju samkvæmt framan-greindu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Úrskurður uppboðsréttar Árnessýslu 28. október 1982.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag að loknum munnlegum mál-flutningi, er þannig til komið, að uppboðsþoli, Geir Viðar Vilhjálmsson, eigandi ½ óskiptrar sameignarinnar Ásbúðar á Þingvöllum, hefur mótmælt framgangi uppboðs á greindri húseign og krafist úrskurðar um málið og krafist málskostnaðar og bóta sér til handa.

Uppboðsbeiðendurnir Árni Guðjónsson hrl. f.h. Pósts og síma, Ólafur Ragnarsson hrl. f.h. Rarik og Jóhannes Jóhannessen hdl. f.h. Landsbanka Íslands hafa krafist framgangs hins umbeðna uppboðs og krafist máls-kostnaðar að mati dómsins.

Upphaflega var beðið um uppboð til slita á sameign uppboðsþola og fyrr-verandi eiginkonu hans, Ingibjargar Eyfells, og mótmælti uppboðsþoli því í bréfi, dags. 15.9. 1981. Við þingfestingu málsins hinn 22. júní 1982 mótmælti uppboðsþoli enn á ný framgangi hins umbeðna uppboðs. Hinn 24. sept. sl. afturkallaði Ólafur Axelsson hdl., sem krafðist uppboðs til slita á sameign, beiðni sína. Aðrir uppboðsbeiðendur hafa ekki afturkallað.

Við munnlegan málflutning í dag hélt uppboðspoli fast við þá kröfu sína, að uppboðið næði ekki fram að ganga, og taldi, að lög um friðun Þingvalla nr. 59/1928 kæmi í veg fyrir það, að lögtök eða fjárnám mætti gera innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Ekki verður á neinn hátt talið, að þau endurrit, sem lögð hafa verið fram af lögtaks- og fjárnámsgerðum, beri með sér, að þær gerðir hafi ekki verið framkvæmdar samkvæmt gildandi lögum. Þegar af þeirri ástæðu verður kröfu uppboðspola um, að hið umbeðna uppboð nái ekki fram að ganga, hafnað.

Ekki hafa verið færð nein rök að því, að málinu beri að frávísa.

Hið umbeðna uppboð skal ná fram að ganga. Uppboðspoli, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði umbjóðendum uppboðsbeiðenda, Árna Guðjónssyni hrl., Ólafi Ragnarssyni hrl. og Jóhannesi Jóhannessen hdl., kr. 500,00 hverjum í málflutningskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hið umbeðna uppboð skal ná fram að ganga. Uppboðspoli, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði umbjóðendum uppboðseigendanna (sic), Árna Guðjónssyni hrl., Ólafi Ragnarssyni hrl. og Jóhannesi Jóhannessen hdl., kr. 500,00 hverjum í málflutningskostnað að viðlagðri aðför að lögum.